



Tólfthi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Hallgerðargötu 9a í Reykjavík föstudaginn 21. febrúar 2025, klukkan 14.00 – 16.30.

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Ásta Egilsdóttir ritari og Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti. Á Zoom voru Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Soffía Vagnsdóttir formaður menntamálanefndar og Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti. Björg Eiríksdóttir gjaldkeri, Eygló Börnsdóttir vefstjóri og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir í menntamálanefnd boðuðu forföll.

Dagskrá fundar:

1. Dagskráratíði á afmælisráðstefnunni

a. Fyrirlestrar og dagskrá

Soffía sagði frá hugmyndum Bryndísar Jónu Jónsdóttur og Önnu Hildar Hildibrandsdóttur að fyrirlestrum. Titlar þeirra ákveðnir fyrir fund 28.02. Sunneva Halldórsdóttir (Efnasúpan í umhverfinu okkar) og Soffía (Hvað gleður okkur?) klárar sem sína fyrirlestra. Soffía og Katrín Fjóra setja dagskrána upp fyrir fund 28.02.

b. Afmælisöngurinn

Söngurinn er klár og líklega verður saminn dans við hann. Ásta kannar hvort hægt sé að senda lag og texta til deildanna fyrir ráðstefnunna.

c. Söngatriði – Skemmtiatriði

Sigrún Pálmadóttir gat ekki tekið að sér söngatriði á afmælinu. Guðrún Edda mun ræða við Lindu Hrönn Helgadóttur í Kappadeild og Vilborg Ása ræðir við Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur í lotadeild.

Málfríður athugar með skemmtiatriði frá Alfadeild til að hafa á hátíðarkvöldverði.

d. Forseti Íslands og menntamálaráðherra.

Ákveðið að biðja með að fá menntamálaráðherra þar til við vitum hvort forseti Íslands kemst á ráðstefnuna. Kemur í ljós í mars.

e. Uppsetning á dagskrárskjali og skráning á ráðstefnuna

Ásta mun sjá um uppsetninguna á dagskrárskjalinu. Leitar aðstoðar sérfræðina á því sviði – athuga kostnað. Mun einnig sjá um að setja allar upplýsingar inn á vef DKG og útbúa skráningarskjal með aðstoð Eyglóar vefstjóra.

2. Fjármál

a. Afmælisritið

Tilboð komin í afmælisritið, þ.e. prentun og hönnun. Ákveðið að kostnaður verði ekki hærri en kr. 350.000.- og að ritið komi út á árinu, ekki endilega fyrir ráðstefnuna. Miklar upplýsingar safnast saman í vinnunni við ritið en rata ekki allar inn í ritið sjálft. Rætt um að varðveita þær á einhvern hátt á vef DKG.

b. Merki handa stofnfélögum

Málfríður fann nöfn sjö stofnfélaga Alfadeildar sem enn eru á lífi. Þetta eru þær Anna Kristjánsdóttir, Bryndís Víglundsdóttir, Herdís Egilsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir Schram, Sigríður Pálmadóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir, Þorbjörg Kristinsdóttir. Margrét og Sigrún Klara enn í deildinni.

Útvega þarf merki til að færa stofnfélögum og kanna kostnað.

Huga að því hvernig við berum okkur að við að heiðra þær. Málfríður ræðir við Sigrúnu Klöru Hannesdóttur Lögsögumann DKG um viðeigandi hefðir við það.

c. Gjafir til ráðstefnugesta

Rósa Marta bíður enn svars frá ORF líftækni varðandi gjafir til gesta.

Árný skoðar kostnað við að gefa gestum annað hvort minnisbók og penna eða merkimiða á ferðatöskur, hvort tveggja með áletrun/logo DKG.

d. Hátíðarkvöldverður

Ákveðið að niðurgreiða hátíðarkvöldverðinn þannig að gestir borgi ekki meira en 9.500.- fyrir þriggja rétta máltíð. Einnig ákveðið að panta eftirfarandi af matseðli:

Forréttur - HVANNAR OG ANÍSGRAFIN BLEIKJA Sinnepssósa, agúrka, dill, pera, salat, rúgbrauð.

Aðalréttur - LAMBA INNRALÆRI Sinneps og kryddjurtahjúpað innralæri, bakaður rauðlaukur, stökkt kartöflusmælki, blandað grænmeti, basilsósa.

Eftirréttur - ÁSTRÍÐUÁVAXTA MÚS mangósósa.

3. International Awards

Senda þarf tilnefningar fyrir 9. mars. Árný gengur í það mál.

4. Önnur mál

a. Hugmynd að heiðursfélaga

Alfadeild lagði fram þá hugmynd að gera forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur að heiðursfélaga DKG á Íslandi. Málið verður sett í farveg og mun Málfríður ræða við Ingibjörgu Elsu formann laganeftardar um hvernig það gengur fyrir sig.

Næsti stjórnarfundur verður á Zoom 28. febrúar 2025 kl. 13.30

Fundi slitið kl. 16.30

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025